

Framlag til reykvískrar nafnfræði

Árni Hjartarson, Sigbjörn Guðjónsson

Greinargerð ÁH-SG-84-01

FRAMLAG TIL REYKVÍSKRAR NAFNFRÆÐI

1 Inngangur

Greinargerð þessi er tekin saman vegna umræðna sem orðið hafa um nafngiftina eða örnefnið "Sundin blá" og orðatiltækið "við Sundin blá". Hér verður reynt að svara þeirri spurningu hvort rétt sé að nota "Sundin blá" sem reykvískt örnefni í staðfræðilegri eða jarðfræðilegri lýsingu á borgarsvæðinu. Það skal strax tekið fram að nafnið er ekki til í skrám Örnefnastofnunar. Þar finnast hvorki nafngiftirnar Sundin blá né Sundin um þau svæði sem svo eru auðkennd í daglegu tali Reykvíkinga.

2 Gerð örnefnisins

"Sundin blá" er sérstætt örnefni en á sér þó hliðstæður meðal íslenskra örnefna. Nafnið er tvískipt með atviksorð sem leitt er af lýsingarorði í seinni lið. Örnefni sem þessi eru sárasjaldgæf en þekkjast þó frá byggðum norrænna manna á jaðarsvæðum Norður-Evrópu. Hér er því um forna arfleifð að ræða.

3 "Sundin blá" í mæltu máli

Gildi örnefna felst fyrst og fremst í því að þau staðsetja menn og hluti í umhverfinu auk þess sem "landslag væri lítils virði ef það hétu ekki neitt". Í því tilliti má vitna til yfirlýsingar Norrænu samvinnunefndarinnar um nafnarannsóknir, sem samþykkt var á ráðstefnu á Hanaholmen í Finnlandi 23.-25. september 1977. Þar segir m.a.:

"Örnefni eru mikilvægur hluti umhverfis okkar og menningar. Þau auðkenna hvers konar staði og eru í sjálfu sér ómetanleg menningarverðmæti, sem mikil áhrif hafa á heimúð manna og unan".

(Grímnir, rit um nafnfræði, 1. 1980, s. 24).

Ekki má heldur gleyma hinu fagurfræðilega gildi örnefna oft kóróna þau náttúrufegurð lands og stundum er sem þau bæti sjálfu sköpunarverkinu upp ágalla sína. Skínandi dæmi um þetta má víða finna:

"Útsýni í björtu er allmikið og oft fagurt af heiðartoppnum, en þó sést ekki það fegursta sem Heiðin há hefur upp á að bjóða, - en menn vita af því allt í kring um sig - það er nafn heiðarinnar, það er einkennilega fagurt, í senn fornlegt og skáldlegt. Að velja einmitt þetta nafn en ekki t.d. Háaheiði eða eitthvað þvílíkt, lýsir því, hvað sá, er skírði, hefur verið mikill snillingur í nafngiftum á örnefni, og sennilegt er, að fleiri fögur og sérkennileg örnefnaheiti um þessar slóðir eigi til sama manns að telja. Má þar nefna Fjallið eina, sem sver sig greinilega í sömu ætt".

(Ólafur Þorvaldsson: Grindaskarðsvegur. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1943-1947 s. 97).

Flestir vita hvað átt er við þegar sagt er um einhvern að hann hafi dvalist inn við Sundin blá. Það þýðir að viðkomandi hafi verið á Kleppi ýmist sem starfsmaður, vistmaður á geðdeild eða í afvötnun. Örnefnið í núverandi mynd sinni er að því ekki gamalt. Það mun orðið til eftir að Kleppsspítali tók til starfa. Gamalgrónir fordómar hafa ríkt í garð geðsjúkra og drykkjusjúkra. -"Þetta eru eintómir klepparar"- er sagt. Fordómarnir hafa jafnvel flust yfir `a staði þar sem slíkir sjúkdómar eru meðhöndlaðir. Örnefnið Kleppur hefur þannig fengið neikvæða merkingu. "Alger Kleppur" er ekki lofsyrði um nokkurn stað. Sömu tilhneigingar hefur gætt til "Sundanna bláu". Sem betur fer eru fordómar sem þessir á undanhaldi. En viðkvæmnin gagnvart örnefnum hefur þegar haft slæmar afleiðingar. Hvar eru allir gömlu Littlingarnir og Geldingarnir og Vælugerðin? Öll eru þessi góðu örnefni horfin vegna tepruskapar 20. aldarinnar.

4 Sundin blá í skáldskap

"Sundin blá" skipa sérstakan sess í íslenskum og einkum þó reykvískum skáldskap. Fyrsta ljóðabók Tómasar Guðmundssonar hét "Við Sundin blá" og fyrsta kvæði bókarinnar er "Um sundin blá". Reykvíkingar fóru ekki í grafgötur með hvaða sund um var að ræða og gerðu Tómas að borgarskáldi sínu

fyrir vikið. Aldrei verður Tómas sakaður um að nota nafngiftina á tvíræðan eða ósmekklegan hátt, heldur einungis með ljóðrænni tilvísun til fegurðar og hamingju. Sundin bláu hafa síðan glitrað í perlum reykvískra skálda:

- Inn við himinbláu, bláu, bláu, bláu, bláu Sundin
hann bað mig um að bíða fyrir sig og halda í hundinn.
Og ég beið og beið og beið og beið með hund í belti,
greyið galti
og annar elti,
o.s.frv.

Ljóð: Bjarni Guðmundsson. Lag: Gullmann/Morris.

Þetta vinsæla lag var fyrst flutt af Sigrúnu Ragnars og síðar af Sextett Ólafs Gauks og hinni ástsælu söngkonu Svanhildi. Síðast en ekki síst gerðu svo l4 fóstbræður hinum "himinbláu Sundum" skil í syrpu sinni um unaðssemdir Reykjavíkurborgar.

5 Sundin blá í vísindum

Í þróun tungunnar, orðatiltækjanna, nafngiftanna og örnefnanna er það alþýðumállýskan sem ryður brautina. Skáldin koma á eftir og hefja orðfærið í æðra veldi og að lokum eru það vísindin sem skipa hlutunum sess samkvæmt rökrænu samhengi þeirra. Hvað sem mönnum kann að finnast um "Sundin blá" hljóta þau að fá sinn réttmæta sess í örnefnaskrá, staðarlýsingum sem og jarðfræðilegri umfjöllun um höfuðborgarsvæðið. Staðsetning einstakra mannvirkja heilugæslukerfisins má ekki hafa þau áhrif að jafn myndrænu örnefni og hér er um að ræða verði varpað fyrir róða af þeim sökum einum.

24.5. 1984

Árni Hjartarson
Sigbjörn Guðjónsson